

Mánudagur 13. feb. 2023

Mættir: Trostan, Hrund, Þyrey, Sigrún Gylfa, Birna, Sigrún, Trausti Helgi

Farið yfir niðurstöður innra mats sem gert var síðasta skólaár.

1. hluti, stjórn og fagleg forusta.

- Verktakar sem vinna í skólanum þurfa að undirrita trúnaðarskjal, því er ólokið.
- Skrá og gera öllum ljóst verkefnaskipan stjórnenda, lokið.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu, heimsóknir inn í kennslustundir. Fylgjast með hvort markmið eru skýr og áberandi og hvort farið er eftir því sem til stóð. Í vinnslu.
- Skrá á heimasíðu faghópa og verkefni þeirra, lokið.
- Fundaáætlun fyrir skólaárið, ekki til í smáatriðum. Til dagskrá til styttri tíma, en ekki langt fram í tímann.

2. hluti, nám og kennsla

- Þarf að koma fram í námsáætlunum hvernig sérúrræði eru sett niður fyrir þá nemendur sem þess þurfa.
- Lykilhæfni sem á að lýsa almennri færni, á að koma fyrir í öllum greinum og stýra öllu skólastarfi. Stuðla að því að nemendur geti tjáð sig um ákveðin málefni og búi yfir ákveðinni færni. Á að þjálf þetta öll námsárin. Ekki byrjað á þessu ennþá.
- Viðmið um námsmat í skólanámskrá, hvernig einkunnaskalinn er. Lokið.
- Almennt er ekki gerð grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda. Í vinnslu.
- Samræma markmið kennslu og hvernig er þetta skráð í kennsluáætlunum. Í vinnslu.
- Efla umræður og skoðanaskipti milli nemenda, mikið gert af þessu en hefur ekki verið skoðað og metið formlega. Í vinnslu.
- Skipulag, nemendur taki ábyrgð á eigin námi og setji sér markmið og hvernig þeir ætla að ná settum markmiðum. Ólokið. Umræður um nemendastýrð foreldraviðtöl, sem er liður í að vinna að þessu markmiði.
- Efla þátttöku nemenda um skipulagningu skólastarfs, er að vissu leyti stýrt en nemendur eru með í ráðum í skipulagningu. Fá að koma með hugmyndir og svo er unnið úr því í sameiningu. Þarf að útfæra þetta annað hvort í þemavinnu eða fast í tölfu. T.d. áhugasviðsverkefni. Í sumum skólum þar sem búið er að vinna með þetta og nemendur þekkja þetta þá er haldinn fundur að hausti með nemendum og foreldrum þar sem markmiðin fyrir veturinn eru kynnt og farið yfir með hverjum og einum hvernig hann hygðist ná þessum markmiðum. Ólokið.
- Samræming, setja niður í þrepum hvernig við ætlum að ná settum markmiðum. Kynna vel þannig að allir viti til hvers er ætlast af þeim og hvernig þeir ætli sér að ná settum markmiðum.

3. hluti, Innra mat

- Skjal tilbúið á heimasíðu skólans

- Auglýsa eftir áhugasömum nemendum og foreldrum til að starfa með sjálfsmatsteymi og fara yfir niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu að vori. Gæti t.d. verið hægt að ræða þetta við foreldrateymið.
- Kynning á skýrslu innra mats, lokið.
- Umbótaráætlun, lokið.

Næsti fundur áætlaður 13. mars, á dagsskrá verður yfirferð skóladagatals næsta skólaárs.